



Íbúaráð Miðborgar og Hlíða
bt. Heimir Snær Guðmundsson,
Laugavegi 77
101 Reykjavík

Reykjavík, 25. júní 2020
Tilvísun: 2020010379/0.6.1

Efni: Svar við fyrirspurn íbúaráðs Miðborga og Hlíða frá 27. maí 2020

1. Fram kemur í svar að lögreglan kemur ekki kvörtunum um hávaða til HER. Mætti ekki bæta verklag og samvinnu þarna?

Svar: Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) er sammála því að verklagið þar má bæta en HER leitar gjarnan eftir upplýsingum frá lögreglu þegar kvartanir berast HER er varða tilvik utan hefðbundins vinnutíma HER.

Allar skráningar á hávaðakvörtunum hjálpa HER við að meta hljóðvist staðanna og þau grenndaráhrif sem verða vegna ónæðis. Það er því mikilvægt að fá allar slíkar kvartanir inn og HER tekur undir að þessa verkferla megi bæta og er ávallt reiðubúið að koma að slíkri vinnu.

2. Fram kemur að gerðar hafi verið athugasemdir við hljóðstig í 4 af 9 krám og skemmtistöðum þar sem það var mælt. Hver voru tildög þess að þessir staðir voru mældir, hvaða staðir voru þetta, hvers eðlis voru athugasemdirnar og höfðu þær einhver áhrif?

Svar: Í 7 tilfellum af 9 lágu fyrir kvartanir um hávaða frá stöðunum á einhverjum tímapunkti. Í tveimur tilfellum voru settir upp mælar vegna þess að mögulegt þótti að viðburðir á stöðunum væru líklegir til að valda ónæði og grenndaráhrifum m.a. vegna þess að áður hafi ítrekað verið kvartað vegna álíka tónleika/viðburða í miðbæ Reykjavíkur. Mælt var á American Bar, Bar Ananas, Danska barnum, Fjallkonunni, Gullhömrum, Hressingaskálanum, Kaffi Vínyl, Listasafni Reykjavíkur og Pablo Burro Discobar. Þegar athugasemdir voru



gerðar var það í öllum tilvikum, nema einu, vegna þess að hljóðstyrkur var of hár, þ.e. 60 mínútna jafngildishljóðstig fór yfir 95 dB. Í einu tilviki var um viðburð að ræða, sem hafi verið gefið afnotaleyfi fyrir (ekki leyfi frá HER) og var hann lengur en leyfi hafði verið gefið til, þ.e. staðurinn spilaði tónlist utandyra einum og hálfum tíma lengur en gefið hafði verið leyfi fyrir. Þó nokkrar kvartanir bárust vegna þessa.

Athugasemdum vegna hljóðstigs var vel tekið af rekstraraðilum og fóru þeir í úrbætur vegna þeirra, allt frá betra eftirliti með hljóðstigi yfir í umbætur á hljóðkerfum (staðsetning hátalara og fleira). Kvartanir hafa ekki borist HER vegna þessara staða eftir að umræddar hljóðmælingar fóru fram.

3. Nú eru margar krár og skemmtistaðir í miðborginni gömul timburhús sem áður voru íbúðarhús og verslanir og má þar nefna staði eins og Prikið, Kofann, Kaffibarinn, Bravo/Kiki og Dillon. Á þessum stöðum er leikin hávær tónlist fram á nótt þó húsnæðið sé ekki hannað til þess. Hvernig er úttekt á hljóðvist þessara staða háttað?

Svar: HER fer yfir hljóðvist í eftirliti að því leytinu til að farið er yfir gerð hússins og hversu líklegt það er að það haldi hljóði og geti haft áhrif á nærliggjandi íbúabyggð og valdið ónæði. Farið er yfir þann búnað sem er til staðar á staðnum, hvort að hljóðeinangrað hafi verið, gluggar séu hafðir opnir, dyr opnar, loftræsting í lagi, hvort að desibelamælir sé til staðar, hvort að rekstraraðili hafi eftirlit með skífuþeytum og öðrum tónlistaratriðum. Einnig eru bassaboxin sérstaklega skoðuð og hvort að búnaður sé til staðar til að minnka titring. Auk þess er farið yfir kvartanir og farið yfir það með rekstraraðila til hvaða úrræða þeir hafa gripið í kjölfar kvartana. Skoðað er hvort hátalalar eru staðsettir utandyra á stöðunum, en ekki hafa verið settar sérstakar reglur um notkun þeirra í miðbæ Reykjavíkur aðrar en koma fram í 8. grein reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða: Forráðamönnum fyrirtækja og stofnana er skyld að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að koma í veg fyrir heilsuspillandi hávaða og ónæði af völdum hávaða. Í þessu samhengi má einnig benda heimildir sem lögreglustjóri hefur til að banna notkun hátalara á almannafæri samkvæmt ákvæðum 4. greinar Lögreglusamþykktar Reykjavíkurborgar frá 2008 en hún er eftirfarandi:



Reykjavíkurborg

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

„Bannað er að hafast nokkuð að sem veldur ónæði eða raskar næturruó manna.

Lögreglustjóri getur bannað notkun hátalara, hljómfutningstækja, hljóðfæra eða annars þess háttar á eða við almannafæri ef ástæða er til að ætla að hún valdi verulegu ónæði eða truflun.

Borgarstjórn getur bannað neyslu áfengis á almannafæri á tilteknunum tíma á tilteknun svæðum í þéttbýli. Slika samþykkt skal tilkynna lögreglustjóra og birta almenningi.“

Hvað varðar byggingartæknileg atriði og kröfur til húsnæðis þ.m.t. hljóðvistarskýrslur þá er eftirlit með því á hendi embættis byggingafulltrúa. Byggingafulltrúi og HER hafa oft samráð varðandi hljóðvist staða, greiningu á hljóðvistarskýrslum sem og líkur á grenndaráhrifum vegna hávaða frá stöðum.

Virðingarfyllst

f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Helgi Guðjónsson
heilbrigðisfulltrúi



Anna Jóhannesdóttir
heilbrigðisfulltrúi

